

## Dómsorð:

Stefndi, Bræðurnir Ormsson h/f, greiði stefnanda, Vigfúsi Einarssyni, kr. 6.077.50 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags og kr. 4.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 87/1973. Sildarvinnslan h/f  
(Ólafur Ragnarsson hrl.)  
gegn  
Sv. B. Rude og gagnsök  
(Hörður Ólafsson hrl.).

## Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Skuldamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn.

Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing í máli þessu í héraði. Hann hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til greina fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því og þar sem fjárhæðir kröfu gagnáfrýjanda hafa ekki sætt andmælum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 75.000.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Síldarvinnslan h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sv. B. Rude, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. mars 1973.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms í reglulegu bæjarþingi 19. október 1972, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. september 1972, af Sv. B. Rude trésmíðameistara, Nymarksvej 57, Nyborg í Danmörku, gegn Síldarvinnslunni h/f, Neskaupstað, til greiðslu á eftirstöðvum skulda vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsetningu þess húss, danskar kr. 10.895.58 + danskar kr. 4.212.50 + danskar kr. 21.163.60, alls þannig danskar kr. 36.271.68 með 9% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eftir mati bæjarþingsins.

Stefndi sótti ekki þing við þingfestingu málsins, og var það dómtekið að kröfu stefnanda. Dómarinn kvað upp frávísunardóm 1. nóvember 1972, þar sem málið ætti undir sjó- og verslunardóm. Stefnandi kærði dóminn til Hæstaréttar 15. nóvember, og með dómi Hæstaréttar 13. desember 1972 var hinn kærði dómur felldur úr gildi, og var málinu vísað heim til dómsálagningar að nýju. Dómarinn kvaddi til sérfróða meðdómsmenn, og var málið endurupptekið 12. febrúar sl. með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936 og frestað til vitnaleiðslu. Vitnaleiðslan fór fram 2. mars sl., og var málið dómtekið á ný að henni lokinni.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar skuldar vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsetningu þess húss. Umrædd viðskipti hafi átt sér stað framhaldandi á tímabilinu frá 15. júní 1966 til 31. janúar 1969. Hafi þau hafist með því, að Rögnvaldur Johnsen arkitekt hafi gert 15. júní 1966 kaupsamning f. h. stefnda um kaup hans á tilbúnu byggingarefni af stefnanda til umrædds starfsmannahúss stefnda. Viðskiptunum hafi lokið með uppgjöri

stefnanda, dags. 31. janúar 1969. Hafi það verið í þrem liðum, í fyrsta lagi eftirstöðvar skuldar frá 25. júní 1968, danskar kr. 10.895.58, upphaflega danskar kr. 20.621.36, en að frádregnum greiðslum stefnda upp í þá skuld, danskar kr. 646.50 þann 12. ágúst 1968 og danskar kr. 10.000 þann 28. nóvember 1968, en með áföllnum 9% ársvöxtum. Hafi þeir vextir verið áskildir og reiknaðir og ekki að því fundið af stefnda. Í öðru lagi efnisúttekt, afskipun frá Nyborg í október 1968, danskar kr. 4.212.50. Í þriðja lagi vinnulaun sveina stefnanda, flutningur á verkfærum þeirra, ferðakostnaður þeirra frá Danmörku og heim aftur, danskar kr. 21.163.60. 20. ágúst 1969 hafi borist bréf frá stefnda, kvartanir vegna galla og tilmæli um, að eftirstöðvarnar yrðu felldar niður. Bréfi þessu hafi stefnandi svarað 24. ágúst 1971. Hafi stefnandi talið kvartanirnar mörgum árum of seint fram komnar, mótmælin auk þess ekki á rökum reist og ítrekað kröfur sínar um greiðslu eftirstöðvanna. Kröfubréfi lögmanns stefnanda 7. apríl sl. hafi stefndi ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2-19 greinargerð og ýmis skjöl varðandi þessa kröfu.

Vitnið Rögnvaldur Johnsen hefur komið fyrir dóminn. Vitnið skýrði frá því, að það hefði farið til Danmerkur árið 1966 til þess að sjá um kaup á verbúðarhúsi fyrir stefnda og hafi ætlunin verið að fá hús mjög fljótt, þar sem mikið hafi legið á að fá hús fyrir vertíðarfólk. Vitnið hafi talið, að gerð hússins hentaði fyrir stefnda, og hafi vitnið skrifað undir kaupsamninginn á dskj. nr. 5 með fullu umboði stefnda. Vitnið hafi ekki verið beðið af stefnda hálfu að fylgjast með byggingu hússins og hafi það ekki séð það. Vitnið hefur borið, að við gerð kaupsamningsins hafi verið mjög um það rætt, að húsið þyrfti að standast íslenska veðráttu og þyrfti þannig að vera vel þétt fyrir veðri og vindum, en ekki hafi verið tekið fram í kaupsamningnum, hvers efnis þéttingin ætti að vera. Efni hússins hafi í stórum dráttum verið þetta: Uppistaða timbur, utanhússklæðning og þakklæðning asbest, og hafi stærð hússins verið 10 m á breidd og 50 metrar á lengd.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnukröfur eru vandlega sundurliðaðar og skýrt tilgreindar í skjölum málsins. Dómurinn hefur farið yfir bréf stefnda frá 20. ágúst 1969, sem getið er um í stefnu og lagt hefur verið fram á dskj. nr. 18. Eins og málið liggur hér fyrir dómnum, er ekki

ástæða til að ætla, að gallar þeir, sem á dskj. nr. 18 eru sagðir vera á húsinu, séu á ábyrgð stefnanda, og ekki er heldur ástæða til að ætla, að starfsmaður stefnanda hafi pantað meira af þakplötum en nauðsyn bar til. Rétt þykir því að taka kröfur stefnanda til greina, og verður honum dæmd stefnufjárhæðin að fullu að öðru leyti en því, að vextir eru hæfilega ákveðnir 7% ársvextir.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason fulltrúi, Indriði Níelsson byggingameistari og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Síldarvinnslan h/f, greiði stefnanda, Sv. B. Rude, danskar kr. 36.271.68 með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 6/1974. Þórarinn Jónasson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Péttri Axel Jónssyni

og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Vixilmál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.